


Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga árið 2026

Þriggja ára áætlun 2027-2029

Greinargerð



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR



Samfélagið í Vogum njóti ávinnings af bata í rekstri og þjónusta eflist í stækkandi bæ

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga 2026 – 2029 endurspeglar traustari rekstur eftir tímabil fjárhagsþrenginga og aðhalds í rekstri. Hagræðingu í rekstri verður skilað til íbúa í formi lækkunar fasteignaálaga og eflingar þjónustu. Áfram verður unnið að uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu með það að markmiði að tryggja tekjustofna og fjölga atvinnutækifærum í heimabyggð. Sérstök áhersla verður lögð á Keilisnes í því samhengi. Ábyrgð og festa í rekstri skapar þannig grunn að enn öflugri þjónustu í samfélaginu sem og grunn varðandi uppbyggingu innviða í stækkandi sveitarfélagi.

Sveitarfélagið er heilsueflandi samfélag og taka áherslur í fjárhagsáætlun mið af því sem og áherslum um að styðja við fjölskyldur og samfélagslega uppbyggingu. Íbúum Voga hefur fjölgað töluvert undanfarin misseri og eru nýir íbúar kærkomin viðbót. Mikilvægt er að hlúa vel að sameiginlegum gildum og menningu samfélagsins. Samfélagið er vinalegt og samheldið þegar á reynir, nokkurs konar bær umkringdur borg. Í nálægðinni við sjóinn og víðáttur Reykjanessins ríkir í Vogum kyrrsæld á sama tíma og örstutt er í ys og þys stór-höfuðborgarsvæðisins.

Árangri í rekstri undanfarin ár hefði ekki verið náð nema fyrir samstillt átak allra bæjarfulltrúa, starfsmanna sveitarfélagsins og skilnings bæjarbúa á aðstæðum. Ykkur öllum eru færðar bestu þakkir. Stöðugleiki einkennir nú starfsemi sveitarfélagsins eftir viðburðarrík misseri og mikilvægt að sá stöðugleiki haldist áfram. Vissulega eru blikur á lofti í efnahagslífi og óvissa þegar kemur að jarðhræringum á svæðinu en þrátt fyrir það horfum við bjartsýn til framtíðar. Við höfum sýnt á undanförnum misserum að samstíga náum við árangri og yfirstígum hindranir hverjar svo sem þær kunna að verða.

Guðrún P. Ólafsdóttir, bæjarstjóri



Helstu áherslur í starfsemi sveitarfélagsins 2026



Ábata í rekstri skilað til íbúa - breytingar á heildar fasteignaálögum að meðaltali töluvert lægri en áætlaðri verðlagsþróun nemur

Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði verða **0,28 %** og lækka úr 0,42%

Gjaldstofnar vatns- og fráveitugjalds íbúða verða uppfærðir m.t.t raunkostnaðar rekstrar og verða í takti við álögur á svæðinu

Vatnsgjald verður 0,11% en var 0,08%

Fráveitugjald verður 0,12% en var 0,085%

Lóðarleigugjöld verða 1,15% og breytast ekki á milli ára

Sorpgjöld haldast óbreytt á milli ára

Álögur á atvinnuhúsnæði og stofnanir haldast óbreyttar

Dæmi um breytingar fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis

90 fm íbúð í fjölbýli	2025	2026	% breyting
Fasteignamat	49.050.000	54.460.000	11,0%
Lóðarmat	3.600.000	3.990.000	10,8%
Fasteignaskattur	221.130	163.660	-26,0%
Vatnsskattur	42.120	64.295	52,6%
Fráveitugjald	44.753	70.140	56,7%
Sorpgjöld	60.695	60.695	-
Lóðarleiga	41.400	45.885	10,8%
Samtals:	410.098	404.675	-1,3%

155,2 fm raðhús	2025	2026	% breyting
Fasteignamat	63.930.000	71.700.000	12,2%
Lóðarmat	9.820.000	11.050.000	12,5%
Fasteignaskattur	309.750	231.700	-25,2%
Vatnsskattur	59.000	91.025	54,3%
Fráveitugjald	62.688	99.300	58,4%
Sorpgjöld	69.000	69.000	-
Lóðarleiga	112.930	127.075	12,5%
Samtals:	613.368	618.100	0,8%

234 fm einbýlishús	2025	2026	% breyting
Fasteignamat	89.150.000	99.550.000	11,7%
Lóðarmat	13.800.000	15.500.000	12,3%
Fasteignaskattur	432.390	322.140	-25,5%
Vatnsskattur	82.360	126.555	53,7%
Fráveitugjald	87.508	138.060	57,8%
Sorpgjöld	69.000	69.000	-
Lóðarleiga	158.700	178.250	12,3%
Samtals:	829.958	834.005	0,5%

Hafa ber í huga að um einstök dæmi er að ræða. Endanleg breyting fasteignagjalda á milli ára ræðst af breytingu fasteigna- og lóðarmats viðkomandi eignar



Fræðslu- og uppeldimál

Við erum stolt af metnaðarfullri starfsemi leik- og grunnskólanna okkar og munum stuðla að enn frekari eflingu starfsemi þeirra á nýju fjölskyldusviði

Unnið verður að nýrri fræðslustefnu sveitarfélagsins á árinu

Innleiðing Barnvæns sveitarfélags er hafin

Hönnun á stækkun Stóru-Vogaskóla verður lokið á árinu

Námsgögn/ritföng í grunnskóla verða gjaldfrjáls

Bætt verður við deild innan Heilsuleikskólans Suðurvalla

Biðtími eftir leikskólaplássi mun styttest



Æskulýðs- og íþróttamál – heilbrigðar sálir í hraustum líkömum

Sveitarfélagið er heilsueflandi sveitarfélag og leggur á það áherslu í allri starfsemi

Íþrótt- og tómstundastefna verður fullunnin á árinu 2026 og varðar veginn til framtíðar

Frístundastyrkur hækkar um 18% og verður 50 þúsund krónur

Bætt verður í verkefnastjórn heilsueflandi samfélags, forvarna og farsældar í sveitarfélaginu

Forvarnarstefna verður uppfærð

Félagsmiðstöðvarstarfið mun aukast með tilkomu klúbbastarfs sem hefur fengið góða styrki

Styrkir til félaga í þágu eflingar íþrótt- og æskulýðsstarfs ungmenna aukast verulega

Eldri borgarar njóta góðs af gróskumikilli starfsemi í Álfagerði og heilsueflingar í íþróttamiðstöð. Sveitarfélagið styður jafnframt við öflugt starf Félags eldri borgara í Vogum og hækkar sá styrkur á milli ára

Ungmennaráð sveitarfélagsins UNGVOG mun í ríkari mæli eiga tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ákvarðanatöku í sveitarfélaginu

Aðstaða til heilsueflingar í tækjasal verður endurskoðuð árinu með það markmiði að auka þjónustu við íbúa

Með fyrsta áfanga göngu- og hjólastígs yfir Vogastapa og úrbótum á skólalóð skapast fleiri tækifæri til hreyfingar ungra sem aldinna

Opnunartími sundlaugar var nýlega lengdur á morgnana og mun haldast óbreyttur

Átak verður gert í inngildingu innflytjenda á vettvangi heilsueflingar og félagslegrar þátttöku í samfélaginu með styrk úr Þróunarsjóði innflytjenda



Menning og samfélag

Fjölskyldudagar skipa fastan sess í hjarta Vogabúa. Í tilefni 30 ára afmælis hátíðarinnar á árinu 2026 ætlum við að fagna alveg sérstaklega og verður bætt í umfang hátíðarinnar

Styrkir til félaga sem eru máttarstólpar í mannlífi Voga verða hækkaðir með áherslu á uppbyggingu og framkvæmdir á þeirra vegum

Minjasafn verður stofnað í sveitarfélaginu í samvinnu við Minjafélagið sem sameina mun menningarlega starfsemi sveitarfélagsins. Minjafélagið hefur með virðingarverðum hætti lagt mikið til við varðveislu sögu og menningar sveitarfélagsins á undanförunum árum

Þá mun sveitarfélagið styðja við uppbyggingu Kirkjuhvols; nýr samkomusalur mun án efa skapa spennandi tækifæri í viðburðarhaldi í sveitarfélaginu

Meðlimir Björgunarsveitarinnar Skyggis hafa sannarlega staðið vaktina í þágu samfélagsins, m.a. í jarðhræringum á svæðinu undanfarin misseri. Þau hyggjast nú byggja við húsnæði sitt til að geta enn betur starfrækt sína starfsemi. Sveitarfélagið veitir styrk til uppbyggingar húsnæðisins



Viðhald stofnana, gatna og veitna – nýjar framkvæmdir

Viðhald verður aukið í stofnunum bæjarins þar sem mikilvæg starfsemi fer fram

Viðhald gatna bæjarins verður aukið með malbiksviðgerðum, lagfæringum á kantsteinum og gangstéttum

Fyrsta áfanga göngu- og hjólastíg um Vogastapa yfir til Reykjanesbæjar verður hrint í framkvæmd og mun að endingu skapa ný tækifæri í samgöngumátum á milli sveitarfélaganna. Þá verður hluti Stapavegar malbikaður

Auk hönnunar stækkunar grunnskóla og framkvæmd við nýja deild í leikskóla, er upphaf framkvæmda við úrbætur á tækjarými sundlaugar stærsta einstaka framkvæmdin hvað varðar uppbyggingu í stofnunum



Skipulag starfseminnar – betri þjónusta

Innleitt verður verkbeiðnakerfi á umhverfis- og skipulagssviði á árinu og vefur sveitarfélagsins verður þróaður og uppfærður

Virk upplýsingamiðlun og aðgengi íbúa og annarra málsaðila að skilvirkri þjónustu er mikilvæg



Íbúar taka þátt í að velja hvar verður bætt úr í umhverfinu

Aftur verður hafist handa við að safna saman hugmyndum íbúa um það sem betur má fara í umhverfinu og íbúar kjósa í framhaldinu um hvaða verkefni verða fyrir valinu



Umferðaröryggi

Áfram verður unnið að auknu umferðaröryggi í Vogum og haldið áfram með LED-væðingu bæjarins sem er í senn umhverfisvæn og hagkvæm

Uppbygging atvinnulífs til framtíðar

Áfram verður áhersla lögð á uppbyggingu atvinnulífs í Vogum enda staðsetning sveitarfélagsins einstök og það ríkt af jarðgæðum. Þannig verði til styrkari stoðir í tekjuöflun sveitarfélagsins með það að markmið að bæta lífsgæði íbúa.

Undirbúningur varðandi uppbyggingu á Keilisnesi hefur staðið yfir allt þetta ár og mun verða fram haldið á árinu 2026 ásamt öflugum kynningarstarfi gagnvart hugsanlegum fjárfestum um þá kosti sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Mikilvægt er að verslunar- og þjónustustarfsemi aukist í stækkandi samfélagi. Sveitarfélagið stuðlar einkum að aukningu slíkrar starfsemi í gegnum skipulag sveitarfélagsins og mun halda áfram þróun þess í takti við þarfir bæjarbúa og stækkun sveitarfélagsins.

Á árinu 2025 var undirrituð viljayfirlýsing um uppbyggingu allt að 30 þúsund fermetra verslunar- og þjónustukjarna við Vogaafleggjara. Þá var jafnframt undirritað samkomulag um uppbyggingu íbúða- og þjónustuhúsnæðis við Hafnargötu 101. Vonir standa til að framkvæmdir hefjist á árinu 2026 en ákvarðanir fjárfesta um framkvæmdir ráða því hvort af þessum verkefnum verður.



Fjárhagsáætlun 2026

Forsendur fjárhagsáætlunar 2026



Hagvöxtur

Samkvæmt þjóðhagssþá Hagstofu Íslands er því spáð að hagvöxtur verði 1,8% fyrir árið 2026, 3,2% árið 2027 og 2,4% fyrir árin 2028 og 2029.




Íbúapróun

Í ársbyrjun 2025 voru íbúar sveitarfélagsins 1.741 talsins og gert er ráð fyrir að íbúar verði 1.991 í byrjun árs 2026. Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um tæp 33% frá því í byrjun árs 2024 þegar fjöldi íbúa var 1.500.



Kjarasamningar

Í áætluninni er tekið mið af þeim hækkunum sem samið hefur verið um í kjarasamningum á árinu 2025. Meðalhækkun launakostnaðar er 5,0% á árinu 2026.



Verðbólga

Þjóðhagssþá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að verðbólga verði 3,5% árið 2026, 2,7% árið 2027 og 2,5% á árunum 2028 og 2029.

Helstu áherslur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026

- Í áætlun ársins 2026 er lögð áhersla á lækkun fasteignaálaga á íbúa, eflingar þjónustu í stækkandi bæ og uppbyggingu atvinnulífs
- Jafnframt er eins og áður lögð áhersla á sjálfbærni í rekstri og að áfram sé unnið í haginn varðandi innviðauppbýggingu sem er hafin
- Útsvarsprósenta verður óbreytt, eða 14,97%
- Álagning í tengslum við fasteignastofn A, íbúðahúsnæði breytist töluvert og er breyting áлага í þeim flokki langt innan áætlaðrar verðlagspróunar
- Fjárfestingar aukast á árinu 2026 en einnig er gert ráð fyrir auknum nýfjárfestingum á árunum 2027-2029

Rekstrarniðurstaða

A hluti	A og B hluti
96 mkr.	168 mkr.

Veltufé frá rekstri

A hluti	A og B hluti
244 mkr.	341 mkr.

Skuldaviðmið A og B hluta

47,8%

Rekstrarniðurstaða % af tekjum

A hluti	A og B hluti
3,3%.	5,6%

Veltufé frá rekstri % af tekjum

A hluti	A og B hluti
8,5%	11,4%

Skuldahlutfall A og B hluta

67,9%

Launahlutfall

A hluti	A og B hluti
50,0%	48,1%

Framlegðarhlutfall

A hluti	A og B hluti
8,6%	11,6%

Fjárfestingar A og B hluta

260 mkr.
8,7% af tekjum

Rekstrarreikningur A og B hluti	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Útsvar og fasteignaskattur	1.456	1.743	1.837	1.951	2.082	2.233
Framlög Jöfnunarsjóðs	614	655	809	830	851	872
Aðrar tekjur	377	322	337	349	360	372
Alls rekstrartekjur	2.446	2.721	2.983	3.130	3.293	3.477
Laun og launatengd gjöld	1.209	1.370	1.436	1.538	1.675	1.851
Lífeyrisskuldbinding, breyting	23	24	35	36	36	37
Annar rekstrarkostnaður	868	986	1.166	1.201	1.233	1.267
Alls rekstrargjöld	2.100	2.380	2.637	2.774	2.945	3.156
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	346	341	346	356	349	321
Afskriftir	-69	-90	-89	-98	-107	-110
Fjármunatekjur og gjöld	-117	-99	-88	-76	-76	-77
Rekstrarniðurstaða	160	151	168	182	165	135

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Efnahagsreikningur	Raun	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
A og B hluti	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Eignir samtals	3.656	3.727	3.905	4.147	4.387	4.530
Eigið fé	1.560	1.711	1.880	2.062	2.227	2.362
Langtímaskuldir	1.370	1.278	1.227	1.245	1.272	1.249
Skammtímaskuldir	440	436	472	490	511	516
Skuldbindingar	286	301	326	351	377	404
Sjóðstreymisyfirlit						
A og B hluti						
Veltufé frá rekstri	314	324	341	357	349	323
Tekin ný langtímalán	100	130	100	170	200	150
Afborganir langtímalána	134	281	161	172	188	207
Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjárm.	189	239	260	372	353	255

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 2.983 m.kr. 2026




Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga og er áætlað að hlutdeild þess í heildarskatttekjum ársins 2026 nemi 1.524 m.kr. Útvarsstofninn tekur mið af atvinnutekjum þeirra íbúa sem eiga skráð lögheimili í sveitarfélaginu og fjölda þeirra.




Fasteignaskattar

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækkar fasteignamat í sveitarfélaginu um 11,3% milli áranna 2025 og 2026. Áætlaðar tekjur af fasteignasköttum á árinu 2026 nema 286 m.kr. borið saman við 308,1 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2025 og vegur þar þyngst lækkun á fasteignaskatti íbúðarhúsnæðis úr 0,42% í 0,28%.



Framlög frá Jöfnunarsjóði

Framlög frá Jöfnunarsjóði fara eftir þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á hverju ári og staðbundnum forsendum hvers sveitarfélags. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að heildarframlög sjóðsins til Sveitarfélagsins Voga nemi tæplega 809 m.kr á árinu 2026.



Hlutfallsleg skipting tekna

- Útsvar - 52%
- Fasteignaskattur - 10%
- Framlög Jöfnunarsjóðs - 27%
- Aðrar tekjur - 11%



Gjaldskrár

Almennt er miðað við að gjaldskrár fylgi verðlagsþróun, þ.e. að þjónustugjöld haldist óbreytt að raungildi á milli ára. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er áætlað að árshækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2026 verði 3,5% og við endurskoðun gjaldskráa er miðað við allt að 4% hækkun á milli ára.

Framlög frá Jöfnunarsjóði

Á árinu 2025 tóku í gildi ný lög um framlög úr Jöfnunarsjóði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir að framlög hækki um 23,6% á milli áranna 2025 og 2026 og nemi 678 m.kr á árinu 2026 að undanskildum framlögum vegna málaflokks fatlað fólks.

Að viðbættum þeim framlögum sem renna beint til sameiginlegs þjónusturekstrar Sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar á sviði málaflokks fatlaðs fólks er áætlað að heildarframlög úr Jöfnunarsjóði nemi um 809 m.kr. á árinu 2026.

Heildarframlag Jöfnunarsjóðs	2022	2023	2024	2025	2026
Almenn jöfnunarframlög	-	-	-	-	492
Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli	-	-	-	-	1
Tekjujöfnunarframlög	21	23	24	24	-
Útgjaldajöfnunarframlög	153	195	232	279	-
Grunnskólaframlag	113	125	148	119	135
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	9	14	21	24	26
Framlög vegna ÍSAT nemenda	6	6	7	8	-
Fasteignaskattsframlög	53	61	73	75	-
Önnur framlög	0	4	11	19	24
Samtals framlög:	355	428	516	548	678

Gjöld A og B hluta 2026



Launakostnaður

Áætlað er að heildarlaunakostnaður að meðtalinni breytingu á lífeyrisskuldbindingu aukist um tæplega 77 milljónir króna á milli ára og verði um 1.471 m.kr á árinu 2026.


Áætluð laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum er lægri en útkomuspá ársins í ár og er gert ráð fyrir að hlutfallið endi í 48,1% á árinu 2026. Gert er ráð fyrir að hlutfallið verði 50,4% skv. útkomuspá ársins 2025.



Annar rekstrarkostnaður


Stærstur hluti annars rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður, s.s. vegna orkukaupa, trygginga og ýmissa samninga. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 1.166 m.kr á árinu 2026 borið saman við 986 m.kr samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2025 sem samsvarar um 18,3% hækkun á milli ára.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaðarhlutfall hækki úr 36,2% skv. útkomuspá ársins 2025 í 39,1% fyrir árið 2026. Munar þar mestu um hækkun kostnaðar í málaflokki félagsþjónustu.



*Hækkun lífeyrisskuldbindingar er hluti af launakostnaði

Áætluð rekstrarniðurstaða A og B hluta 2026 - 2029



Á árinu 2026 er gert ráð fyrir ríflega 257 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaða verði um 168 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að nemi um 341 m.kr.



Rekstrargjöld eru áætluð að nemi 2.637 m.kr á árinu 2026 sem er 10,8% hækkun gjalda frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.436 m.kr., breyting lífeyrisskuldbindingar 35 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 1.166. m.kr.



Heildareignir eru áætlaðar 3.905 m.kr. í árslok 2026, skuldir og skuldbindingar 2.025 m.kr. og eigið fé 1.880. m.kr.



Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.983 m.kr. á árinu 2026 sem nemur um 9,6% hækkun frá fyrra ári, þar af eru skatttekjur áætlaðar 1.837 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 809 m.kr. og aðrar tekjur 337 m.kr.



Fjármagnsgjöld eru áætluð 88 m.kr á árinu 2026, þar af eru verðbætur áætlaðar 49 m.kr.

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

**Sveitarfélagið hefur undanfarin ár náð
umtalsverðum árangri samanber fjárhagsleg
markmið sem sett voru við gerð
fjárhagsáætlunar 2022**

Fjárhagslegum markmiðum náð

Sveitarfélagið uppfylli á hverjum tíma viðmið fjármálareglna sveitarfélaga um skuldir og rekstrarjafnvægi ✓

Samstæða sveitarsjóðs hafi burði til að fjárfesta í innviðum fyrir að minnsta kosti 300 m.kr. árlega ✓

Áhersla verði á að fjárfesta í verkefnum sem stuðla að fjölgun íbúa og atvinnutækifærum, en auka ekki verulega rekstrarkostnað ✓

Frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur sveitarfélagsins árlega rekstrarafgangi ✓


Frá og með árinu 2024 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 10% af rekstrartekjum ✓

Frá og með árinu 2025 skili samstæðureikningur árlega framlegð sem nemur að minnsta kosti 15% af rekstrartekjum


Jafnvægisregla

- Samkvæmt lögum mega samanlögð útgjöld til rekstrar samstæðu A og B hluta sveitarfélaga ekki vera hærri en samanlagðar tekjur samstæðunnar á hverju þriggja ára tímabili.
- Sveitarfélagið uppfyllir markmið laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri, þ.m.t. kröfuna um jákvæðan rekstrarjöfnuð til þriggja ára, eða svokallaða jafnvægisreglu
- Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða síðustu þriggja ára er áætluð að verði 480 m.kr. árið 2026

Rekstrarjöfnuður þriggja ára - Jafnvægisregla, m.kr.




Aðrar lykiltölur A og B hluta í fjárhagsáætlun



Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall er áætlað 11,6% á árinu 2026 sem er vel yfir lágmarki m.v. skuldaviðmið og lágmarki m.v. skuldahlutfall nettó.



Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er áætlað 47,8% í árslok 2026 en samkvæmt útkomuspá er gert ráð fyrir að viðmiðið standi í 52,3% í lok yfirstandandi rekstrarárs.

Skuldaviðmið er samtala skulda og skuldbindinga samstæðu A og B hluta að frádregnum veltufjármunum, lífeyrisskuldbindingum og leiguskuldbindingum ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum samstæðunnar. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki fara yfir 150%.

Sundurliður framkvæmdaáætlunar 2026 - 2029

Fjárfestingaáætlun 2026 - 2029

Fjárfestingaáætlun ársins 2026 auk áætlunar fyrir árin árin 2027-2029 er lögð fram samhliða rekstraráætlun.

Framkvæmdir við Stóru-Vogaskóla eru stærsta einstaka verkefni fjárfestingaáætlunarinnar og ná yfir allt tímabilið.

Á Suðurvöllum verður hafist handa við að bæta við nýrri deild.

Áætlun um uppbyggingu næstu ára verður bætt við í fjárhagsáætlun næstu ára þegar kostnaðarmat liggur fyrir.

Í íþróttamiðstöðinni verða framkvæmdar breytingar á tæknirými auk þess sem þak hússins verður endurnýjað. Þá verður einnig ráðist í girðingaframkvæmdir við íþróttavöllinn, sem er einfalt en nauðsynlegt öryggisverk sem nær yfir allt tímabilið.

Í gatnakerfinu verða umfangsmiklar endurbætur, meðal annars malbikun, endurnýjun gatna og áframhaldandi LED-væðing götulýsingar. Verkefnið stendur yfir allan áætlunartímann og er áætlað að ljúki árið 2029.

Framkvæmdaverkefni	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Stóru Vogaskóli - stækkun	40	180	250	150
Stóru Vogaskóli - dren og viðgerðir á húsnaði	20	15	14	14
Stóru Vogaskóli - úrbætur á lóð	4	4	-	10
Suðurvellir - ný deild	45	-	-	-
Íþróttamiðstöð - tæknirými og þakviðgerðir	35	55	-	-
Íþróttamiðstöð - girðing við íþróttavöll	4	4	4	4
Gatnakerfi - endurnýjun á götum og LED væðing	30	95	70	73
Umferðaröryggi	5	5	5	4
Göngu og hjólastígar - stígur upp á Vogastapa	60	-	-	-
Tækjakostur	-	5	5	5
Iðndalur 2 bæjarskrifstofur - endurbætur	10	5	-	-
Vatnsveita & fráveita endurnýjun í götur	-	11	11	5
Fráveita - ljúka dælu- og hreinsistöð	11	8	9	5
Samstarfsverkefni á svæðinu	21	-	-	-
Gatnagerðargjöld	-25	-15	-15	-15
Samtals:	260	372	353	255

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs 2026



Félagsþjónusta

Undir málaflokkinn flokkast og greinist allur kostnaður við félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni aldraðra, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Heildaráætlun málaflokksins er 385 m.kr. á árinu 2026 sem er um 28% aukning á heildarkostnaði miðað við útkomuspá fyrir árið 2025. Veigamikill hluti áætlunarinnar byggir á áætlun félagsþjónustu Suðurnesjabæjar en þeir rekstrarþættir sem Sveitarfélagið Vogar ber sjálft ábyrgð á eru áætlaðir sérstaklega. Hluti af rekstri fjölskyldusviðs fellur hér undir.



Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál eru stærsti málaflokkur sveitarfélagsins með tilliti til heildarkostnaðar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 1.228 m.kr. og eykst um 83 m.kr á milli ára eða sem nemur 7,2% miðað við útkomuspá fyrir árið 2025.

Rekstur grunnskóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir en undir málaflokkinn er einnig færður hluti af rekstri fjölskyldusviðs, kostnaður fræðsluþjónustu, rekstur frístundaskóla, tónlistarskóla, skólamötuneytis o.fl.



Menningarmál

Undir þessum málaflokki telst allur kostnaður og framlög sveitarfélagsins vegna menningarmála, svo sem safna, menningarhúsa, söguritunar, hátíðarhalda og fleira þess háttar. Undir málaflokkinn fellur rekstur bókasafns og Tjarnarsalar sem og menningartengdir styrkir. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 42,7 m.kr. á árinu 2026.



Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur hluti af kostnaði við rekstur fjölskyldusviðs, kostnaður við tómstundastarf barna og unglinga, rekstur félagsmiðstöðva, íþróttasvæða, íþróttahúss og sundlaugar o.fl. Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga flokkast einnig hér undir. Áætlaður heildarkostnaður málaflokksins árið 2026 er 219 m.kr.

Brunamál og almannavarnir



Hér flokkast allur rekstrarkostnaður vegna bruna- og almannavarna hjá sveitarfélaginu. Hlutdeild í rekstri Brunavarna Suðurnesja flokkast undir þennan málaflokk, svo og útlagður kostnaður vegna náttúruhamfara. Málaflokkurinn í heild sinni er áætlaður 53,3 m.kr. á árinu 2026.

Hreinlætismál



Undir þessum lið eru færðar tekjur og gjöld sorpmála, sem og framlag sveitarfélagsins til reksturs heilbrigðiseftirlits. Rekstur málaflokksins í heild sinni er áætlaður um 5,1 m.kr. árið 2026.

Skipulags- og byggingarmál



Hér flokkast kostnaður vegna reksturs skrifstofu umhverfis- og skipulagssvið, lóðaskráningar, gerð skipulagsáætlana, þ.e. vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags. Hér flokkast einnig kostnaður við landmælingar, kortagerð, bæja- og húsakannanir og fornleifaskráningu. Heildarkostnaður við málaflokkinn er áætlaður 88,2 m.kr á árinu 2026.

Umferðar- og samgöngumál




Hér flokkast kostnaður vegna gatnakerfis og umferðarmála, t.d. viðhald og rekstur gatna, götulýsing, umferðar- og gatnamerkingar, gangstígar og gangbrautir, reiðvegir, snjómokstur og hálkueyðing. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 67,5 m.kr á árinu 2026.

Umhverfismál




Hér flokkast kostnaður vegna þjónustumiðstöðvar og annar sameiginlegur kostnaður vegna umhverfismála, s.s. rekstur og viðhald almenningsgarða og hreinsun gatna og lóða. Hér flokkast einnig kostnaður við refa- og minkaeyðingu, kostnaður vegna útiskreytinga um jól og áramót, ásamt styrkveitingum vegna umhverfisverðlauna o.fl. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 88,7 m.kr á árinu 2026.

Sameiginlegur kostnaður



Undir þennan málaflokk fellur allur kostnaður við sameiginlega yfirstjórn sveitarfélagsins, svo sem bæjarstjórn og bæjarráð, endurskoðun, rekstur bæjarskrifstofu, samstarf sveitarfélaga og kosningar. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður 311,7 m.kr á árinu 2026.

Yfirlit málaflokka og skipting útgjalda eftir málaflokkum 2026





SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR